



## Fundargerð landbúnaðarnefndar 11.ágúst 2019

Fundur nr. 7 kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn í landbúnaðarnefnd Vopafjarðarhrepps sunnudaginn 11. ágúst 2019 í félagsheimilinu Miklagarði kl 16:00.

Mætt til fundar: Sigurjón H. Hauksson, Sigurbóra Hauksdóttir, Geirmundur V. Jónsson, Eyþór B. Bragason, Silvia Windman, Svanur Arthúrsson, Jóhann L, Einarsson, Haukur Georgsson. Einnig mættur Valur Guðmundsson vegna smölun á Hrótafjöllum sem nú tilheyrir Hauksstaðaheiði.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

### Dagskrá

1. mál: Gangnaseðill.

Gangnaseðill haustsins kynntur og er fyrsta breyting lögð fyrir en það er tilfæring á smölun á Hrótafjöllum verði færð úr Hauksstaðaheiði í Mælifellsheiði.

Tillaga að hækkun á dagsverki úr 18.þús í 20.þús og er það samþykkt.

Gangnaseðill haustsins 2019 borin undir atkvæði og er samþykktur.

2. mál: Önnur mál.

Samningur um heiðarkofa Vopnafjarðarhrepps skoðaður og ákveðið fresta umræðum fram á næsta fund.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin og borin upp til samþykktar, hún samhljóða samþykkt og fundi slitið kl. 18:00.